

REGLUR

um breytingar á reglum Háskólans á Akureyri nr. 757/2006 um viðurlög við ritstuldi.

1. gr.

6. gr. um siðanefnd skal felld brott og ný 6. gr. skal orðuð þannig:

1. Við Háskólann á Akureyri skal starfrækt *siðanefnd* sem fjallar um kærur vegna meintra tilvika um ritstuld, en í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar úr hópi fastráðinna kennara og einn fulltrúi nemenda tilnefndur af FSHA.
2. Að boði rektors háskólans skal sérhvert fræðasvið háskólans kjósa einn fulltrúa til setu í siðanefnd háskólans á deildarfundum þess og annan til vara.
3. Rektor skipar formann siðanefndar úr hópi þeirra fulltrúa sem teljast kjörnir til setu í siðanefnd og ræður jafnframt ritara nefndinni til aðstoðar.
4. Þrjá fulltrúa þarf að lágmarki til að siðanefnd geti tekið ákvörðun í máli og ræður afl atkvæða lyktum máls, ef atkvæði falla jöfn þá ræður atkvæði formanns, en að öðru leyti gilda reglur VIII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
5. Siðanefnd skal halda málaskrá yfir ritstuldabrot og varðveitir gögn sem henni berast.
6. Siðanefnd skal fyrir 1. október ár hvert skila yfirlitsskýrslu til háskólaráðs um starfsemi nefndarinnar undangengið skólaár, auk tillagna um breytingar á þessum reglum.

2. gr.

Í 1. tl. 5. gr. fellur brott orðið deildarforseti, og þess í stað koma orðin forseti fræðasviðs.

3. gr.

Í 3. tl. 7. gr. fellur brott orðið deildarforseti, og þess í stað koma orðin forseti fræðasviðs.

4. gr.

Í 2. tl. 9. gr. fellur brott orðið deildarforseti, og þess í stað koma orðin forseti fræðasviðs.

5. gr.

Í 4. tl. 9. gr. fellur brott orðið deildarforseti, og þess í stað koma orðin forseti fræðasviðs.

6. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2009.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2009